

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Barri hf



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	23.5.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	ORF Líftækni ehf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Víkurbær 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Lokunareftirlit
<b>Kennitala</b>	420201-3540	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Már Björnsson	<b>ÍSAT nr.</b>	01.11.1
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Skúli Björnsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit í gróðurstöð Barra að valgerðarstöðum 4, Egilssöðum.

Starfsemi af hálfu rekstraraðila var lögð niður árið 2012 og hefur stöðin frá því verið í öðrum verkefnum. Leyfi var til ræktun erfðabreytts byggs sem nemur 1.000 kg af korni á ári.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var lögð fram í nóvember 2012 og þar kemur fram að rekstraraðili skuli ganga frá öllum úrgangi, vélum, tækjum og tólum á viðeigandi hátt, hús þvegin og gengið frá frárennsli og húsi skv. áætlun.

Kanna skal hvort að bygg sjáist í nærumhverfi gróðurhússins.

Gengið var hringinn í kringum gróðurhúsið og kannað hvort að bygg sæist í nærumhverfi, ekkert bygg var sjáanlegt. Frágangur í kringum húsið var snyrtilegur, gluggar lokaðir og aðgangur bannaður. Húsið rúmar nú ræktun á vegum annarra aðila og hefur verið sótthreinsað tvisvar sinnum frá því að ræktun byggsins fór fram, að sögn framkvæmdarstjóra.

## ATHUGASEMDIR

Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

## ANNÆÐ

Rekstraraðili var ekki á staðnum er eftirlitið fór fram en haft var samband við framkvæmdastjóra og tengilið ORF Líftækni í gegnum síma og tölvupóst.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.06.2018

Guðbjörg Stella Árnadóttir